Forsætisráðherra um minnisblöð A-flokkanna:


Þetta er tóm sýndarmennska

STEINGRÍMUR Hermannsson forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin í heild hafi það að markmiði að gæta sparnaðar og aðhalds í ríkisútgjöldum. „Þetta er tóm sýndarmennska hjá Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi, að senda ríkisstjórninni svona minnisblöð um aðhald í ríkisrekstri," sagði Steingrímur í samtali við Morgunblaðið í gær.

„Vitanlega erum við að gæta aðhalds. Það er hvert einasta frumvarp metið með tilliti til kostnaðar og þess fjármagns sem við getum ráðstafað. Á sama tíma og menntamálaráðherra er að tala um að það vanti 50 milljónir króna í þýðingarsjóð og iðnaðarráðherra um að fjárstuðning ríkisins þurfi til skipaiðnaðarins, þá koma flokkar þeirra með svona tillögur. Ég verð að segja það eins og er, að maður spyr sjálfan sig þeirra spurningar hversu mikil alvara búi að baki svona plöggum frá A-flokkunum," sagði forsætisráðherra.

Steingrímur sagði að full alvara væri að baki þeim áformum ríkisstjórnarinnar að skera ríkisútgjöld niður eins og frekast væri unnt. „En að fara að skuldbinda sig fram yfir kosningar í þá veru að ríkisstjórnin leggi ekki fram nein frumvörp eða tillögur á Alþingi sem hafi í för með sér útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð er að mínu mati gjörsamlega út í hött," sagði forsætisráðherra.

Hugmyndir alþýðuflokksmanna gera ráð fyrir því að einu undantekningarnar frá því sem forsætisráðherra nefnir séu frumvörp sem tengist nýgerðum kjarasamningum, eða varði atvinnuöryggi í landinu og mikilvægar skuldbindingar þjóðarinnar.



Morgunblaðið/Þorkell

Gengið er frá mengunarvaldandi efnum til flutnings til Danmerkur, þar sem þeim verður eytt.

Sýning á verkum Cobra-listamanna á Kjarvalsstöðum

SÝNING á 34 evrópskum formleysismálverkum frá 6. áratugnum, sem fengin eru að láni úr einkasafni frú Riis í Ósló, verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða næstkomandi laugardag. Á sýningunni, sem stendur í 5 vikur, verða verk eftir helstu Cobra-listamennina í Norður-Evrópu, svo og franska, spænska og ítalska formleysismálara.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða verk eftir Pierre Alechinsky, Karel Appel, Roger Bissiere, Corneille, Olivier Debré, Lucio Fontana, Sam Francis, Egil Jacobsen, Asgeir Jorn, Per Kirkeby, André Landskoy, Jean Messagier, Serge Poliakoff, Antonio Saura, Marie Helene Vieira Da Silva, Francisco Toledo og Jacob Weidemann.

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs.:

Móttaka umhverfismengandi efna

SORPEYÐING *höfuðborgarsvæðisins tekur á móti umhverfismengandi efnum á Dalvegi 7 í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að um 150 tonn af mengandi efnum komi í móttökustöðina í ár. Búið verður um efnin til flutnings til Danmerkur, þar sem þeim verður eytt.*

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins er byggðasamlag allra sveitarfélaga frá Hafnarfirði til Kjalarness og er tekið við efnaúrgangi af öllu svæðinu. Um er að ræða efnaúrgang, sem ekki má urða eða losa í sjó samkvæmt nýrri mengunarreglugerð. Ítarlegum leiðbeiningum um frágang og merkingu efnanna verður dreift á næstunni til vinnustaða á höfuðborgarsvæðinu. Í móttökustöðinni verður búið um efnin til flutnings til dansks fyrirtækis, sem tekið hefur að sér að eyða þeim þar til Íslendingar geta leyst þann vanda sjálfir.

Í frétt frá Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins segir, að rekstur móttökustöðvarinnar eigi að standa undir sér fjárhagslega og að höflegt gjald verði tekið fyrir þjónustuna, enda standi ekki til að stöðin skili hagnaði. Aðstaðan við Dalveg í Kóapvogi er til bráðabirgða í eitt ár eða þar til framtíðarmóttökustöð hefur risið í Gufunesi.

Selt úr íslensku skipi í Skotlandi

ARNARNES SI selur 50-55 tonn, aðallega af þorski, í Aberdeen í Skotlandi í dag, fimmtudag. Þorri SU er eina íslenska skipið, sem selt hefur afla í Aberdeen undanfarna tvo áratugi en þar var selt úr skipinu 19. febrúar 1987, að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Aðalástæðan fyrir því að selt verður úr Arnarnesi SI í Aberdeen en ekki í Hull eða Grimsby er sú að á því sparast sólarhringssigling, að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar. „Það hefði mætt mikilli andspyrnu í Aberdeen fyrir nokkrum árum að fá íslensk skip þangað. Hins vegar eru Skotar komnir inn á það að þeir þurfi virkilega að fá fisk héðan vegna hrikalegs niðurskurðar á aflakvótunum á þessu ári."

Vilhjálmur sagði að verð á fiskmörkuðunum í Bretlandi og Vestur-Þýskalandi hefði lækkað vegna aukins framboðs að undanförnu en verðið var mjög hátt á tímabili vegna gæftaleysis í Norðursjó.


Þrír starfsmenn Stöðvar 2 hefja störf hjá Sýn

ÞRÍR starfsmenn Stöðvar 2 sögðu skyndilega upp störfum þar í fyrradag, og hafa þeir verið ráðnir til starfa hjá Sýn. Goði Sveinsson, sem var dagskrárstjóri á Stöð 2, hefur verið ráðinn sjónvarpsstjóri hjá Sýn, Jón Gunnarsson auglýsingastjóri verður markaðsstjóri Sýnar og Páll Baldvinsson, sem var aðstoðardagskrárstjóri á Stöð 2, verður innkaupastjóri hjá Sýn.

Þorvarður Elíasson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sagði að enginn ágreiningur hefði verið um uppsagnir þremenninganna. „Við gáfum þá lausa þrátt fyrir uppsagnarfrest, og það var enginn ágreiningur um það fyrst þeir vildu skipta. Þeir fá þarna tækifæri sem þeir gátu ekki hafnað og við vildum ekki standa í vegi fyrir þeim."

Að sögn Þorvarðar hafa Maríanna Friðjónsdóttir og Björn Björnsson á dagskrárdeild, sem sagt höfðu upp störfum á Stöð 2, nú verið endurráðin, og einnig hefði Guðrún Þórðardóttir, umsjónarmaður barnaefnis, verið endurráðin, en henni hafði verið sagt upp störfum.

VEÐUR



Í DAG kl. 12.00:

Heimild: Veðurstofa Íslands
(Byggt á veðurspá kl. 16.15 í gær)

VEÐURHORFUR Í DAG, 22. FEBRÚAR

YFIRLIT Í GÆR: Norðvestan gola norðvestanlands, en annars staðar hægviðri eða vestan gola. Léttskýjað var á Suðurlandsundirlendi, en skýjað og él á stöku stað í öðrum landshlutum. Frost víðast 1-7 stig.

SPÁ: Hæg vestlæg átt og smáél um vestanvert landið en víðast þurrt austan til á landinu í nótt. Hægt vaxandi austan- og norðaustanátt síðla nætur og í fyrramálið með snjókomu eða slyddu víða um land, þó einkum um austanvert landið. Hvöss norðaustanátt á Vestfjörðum síðdegis, en yfirleitt hægari í öðrum landshlutum.

VEÐURHORFUR NÆSTU DAGA:

HORFUR Á FÖSTUDAG: Norðan- og norðvestanátt og fremur kalt í veðri. Él á Norður- og Vesturlandi en annars þurrt.

HORFUR Á LAUGARDAG: Hæg breytileg átt og léttskýjað víða um land. Fremur kalt í veðri.

TÁKN:

Heiðskírt
Léttskýjað
Hálfskýjað
Skýjað
Alskýjað
Norðan, 4 vindstig: Vindörin sýnir vindstefnu og fjaðrirnar vindstyrk, heil fjöður er 2 vindstig.
Rigning
Slydda
Snjókoma
10° Hitastig: 10 gráður á Celsíus
Skúrir
Él
Þoka
Þokumóða
Súld
Mistur
Skafrenningur
Þrumuveður

VEÐUR VÍÐA UM HEIM
kl. 12:00 í gær að ísl. tíma

	hiti	veður
Akureyri	0	skýjað
Reykjavík	2	lágþokublettir
Bergen	7	skýjað
Helsinki	9	léttskýjað
Kaupmannah.	10	þokumóða
Narssarssuaq	+15	heiðskírt
Nuuk	+9	snjókoma
Osló	6	alskýjað
Stokkhólmur	10	alskýjað
Þórshöfn	4	skúr
Algarve	18	heiðskírt
Amsterdam	13	léttskýjað
Barcelona	17	léttskýjað
Berlín	16	heiðskírt
Chicago	+6	heiðskírt
Feneyjar	12	þokumóða
Frankfurt	14	léttskýjað
Glasgow	6	hálfskýjað
Hamborg	15	léttskýjað
Las Palmas	23	heiðskírt
London	11	léttskýjað
Los Angeles	8	hálfskýjað
Lúxemborg	12	hálfskýjað
Madríd	15	mistur
Malaga	16	mistur
Mallorca	18	skýjað
Montreal	+14	skýjað
New York	+3	heiðskírt
Orlando	18	léttskýjað
París	15	skýjað
Róm	16	þokumóða
Vín	15	mistur
Washington	2	heiðskírt
Winnipeg	+1	léttskýjað